

Unglingar frá Vinnuskólanum og ÍTR ferðast með leiktæki og skemmta börnum

Samveran er skemmtileg og þroskandi

VERKEFNI nemenda í Vinnuskóla Reykjavíkur eru sennilega álfika mörg og krakkarnir eru margir. Einn vinnuhópurinn, sem í eru fimm krakkar úr Vinnuskólanum og fjórir frá Íþrótt- og tómsundaráði, vinnur með börnum og telja unglingarnir samveru með þeim bæði skemmtilega og þroskandi. Krakkarnir ferðast milli skólaleikvalla með ýmis leiktæki og bjóða börnum hverfisins til að mynda að hoppa hæð sína á trampólíni, spila míni-golf eða keyra kassabíla. Ekki má gleyma því að börnunum býðst að auki að fá andlit sitt málað en við það fjölgar kisum, kaninum og öðrum kynjadýrum verulega á leikvöllum borgarinnar.

Það voru einbeittir unglingar sem blaðamaður Morgunblaðsins hittir fyrir við Árbæjarskóla en þau voru í óða önn að mála andlit ungra barna. „Má ég vera kisa?“ spurði ein lítill telpan. „Get ég verið Jordan,“ sagði einn og viðbrögðin voru á eina leið: „Jú, það hlýtur að vera hægt.“

Aldís Hilmarsdóttir sagðist vera að vinna sitt þriðja sumar í Vinnuskólanum. „Þetta er tvímælaust skemmtilegra en að reyta arfa,“ sagði hún ákveðið. „Okkar verkefni er að bjóða börnunum upp á leiki og skemmtun og sennilega eru trampólínið og andlitmálunin langvinsælust meðal barnanna.“

Börnin flykkjast að

Jónas Ingi Jónasson er að vinna

í fyrsta skipti við skólann. Hann sagði að mikill fjöldi barna flykkjast á skólavöllina hvar sem þau kæmu. Stefánía Ragnarsdóttir sem einnig er í skólanum í fyrsta sinn skýrði frá því að þau muni reyna að heimsækja alla skóla borgarinnar í sumar en alla jafna eru þau einn til tvo daga í senn á hverjum stað.

Nokkrir í hópnum eru starfsmenn ÍTR en ein þeirra er hin franskættaða Valerie Anne Descrieres. „Mér finnst þetta starf mjög skemmtilegt enda hef ég mjög gaman af börnum,“ sagði Valerie en þetta er í annað sinn sem hún tekur þátt í verkefninu. Aðspurð kváðust þau öll vilja vinna við þetta verkefni eins lengi og þau muni starfa í Vinnuskólanum.



Morgunblaðið/Sverrir

BÖRNIN úr Árbæjarhverfinu virtust kunna vel að meta leiktæki unglinganna úr Vinnuskólanum. Trampólínið reyndist þó einna vinsælasta tækið.

Una sér vel með börnunum

STEFANÍA, Aldís, Jónas og Valerie, sem öll vinna að verkefninu Sumargrín á skólavöllum, segja starf sitt mjög skemmtilegt og þroskandi.



Hinn þekkti ljósmyndari Mary Ellen Mark sýnir myndir sínar á Kjarvalsstöðum

Ég held að raunveruleikinn sé svarthvítur

MARY Ellen Mark er bandarískur ljósmyndari og sýnir um þessar mundir ljósmyndir á Kjarvalsstöðum. Það er sýning sem hefur farið víða; um leið og myndirnar eru hér þá eru þær í Tókýó. Hingað kom sýningin frá París og fer síðan til Englands. Þannig er sýningin víðförl, rétt eins og ljósmyndarinn; myndirnar eru teknar út um allan heim, í Bandaríkjunum, Englandi, Indlandi. Listinn yfir verk Mary Ellen er langur og ber vott um fjölbreytnina í viðfangsefnum hennar. Sýningin er líka komin á bók sem er í metsölu. Mary Ellen er óneitanlega meðal þekktustu ljósmyndara í heiminum. Hún byrjaði að taka myndir árið 1963; segir að það hafi reyndar ekki verið af neinni sérstakri ástæðu.

„Ég byrjaði að læra málaralist, en svo líkaði mér ekki einangrunin sem fylgdi því. Það var engin sérstök hugsun sem lá að baki því að fara út í ljósmyndun; ég prófaði það og féll afskaplega vel og ákvað að ljósmyndun væri það sem ég vildi gera. En tímarir voru öðruvísi þá, heimurinn var opnari en núna. Að byrja núna myndi vera mun erfiðara; maður hefur minna frelsi og ætti minni möguleika á að gera núna það sem maður vill, einfaldlega vegna þess að nú fæst síður fjárhagslegur stuðningur frá tímaritum sem vilja birta efni á borð við það sem ég var að gera þegar ég byrjaði í ljósmyndun.“


Hef mestan áhuga á raunveruleikanum

„Það hefur orðið mikil breyting, sérstaklega á síðustu tíu árum. Núna er mun meira hugsað um yfirborðslega hluti eins og frægt fólk; fjölmiðlar vilja helst slíkar myndir. Í Bandaríkjunum snýst allt um tísku og frægt fólk - ekki

um raunveruleikann. Ég held að þetta stafi helst af slæmu efnahagsástandi; fólk vill sjá það sem er auðvelt að skoða; það sem er öruggt. Önnur ástæða er auðvitað sjónvarpið. Nú þarf allt að gerast svo skyndilega og fólk vill sjá hlutina um leið og þeir gerast.“

Mary Ellen vinnur langmest í svarthvítu og hvað innihaldið varð-

„Kannski sé ég hlutina í svarthvítu. En ég kann að meta litmyndir þar sem þær ná betri tókum á viðfangsefninu, en sjálfri hefur mér alltaf líkað betur að vinna í svarthvítu og mér finnst að þannig verði innihaldið beinskeyttara og styrkur þess komi betur í ljós.“



Morgunblaðið/Kristinn

Ljósmyndarinn

MARY Ellen Mark: „Í Bandaríkjunum snýst allt um tísku og frægt fólk; ekki um raunveruleikann.“

ar þá segist hún hafa mestan áhuga á raunveruleikanum. „Ég held að svarthvít sé raunveruleikinn,“ andmælir hún því innskoti að veruleikinn sé í lit. „Kannski sé ég hlutina í svarthvítu. En ég kann að meta litmyndir þar sem

þær ná betri tókum á viðfangsefninu, en sjálfri hefur mér alltaf líkað betur að vinna í svarthvítu og mér finnst að þannig verði innihaldið beinskeyttara og styrkur þess komi betur í ljós. Liturinn er líka erfiðari. Þá þarf að taka tillit

til mun fleiri atriða í myndinni, sem hafa áhrif á hvernig hún er byggð. Sjáðu þessa mynd af stúlkunni hérna, ef þetta tjald í bakgrunninum væri skærbleikt þá hefði myndin kannski ekki orðið eins góð og ég hefði þá byggt hana öðruvísi.“

Handan við klisjurnar

Hún segir að hún dragist kannski helst að viðfangsefnum sem skila sér sterkt í myndum. „Og sérstaklega að ákveðnum myndum; myndum sem búa yfir einhverju kynlegu, einhverju duttlungafullu og ókunnu. Þegar ég tek myndir af fólki þá reyni ég að finna það kynlega og kenjótta í fari þess. Og það er kannski dálíftíð kynlegt að vera venjulegur.“

„Ég vil að myndirnar mínar hrífi fólk; að fólk fari kannski að þykja vænt um það fólk sem ég tek myndir af. En ég er ekki svo barnaleg að halda að myndirnar mínar geti á einhvern hátt breytt heiminum. Mig langar einungis til þess að fólk horfi á myndirnar mínar og hrífst af þeim; finni fyrir einhverju. Við höfum séð svo mikið af myndum af fátækt til dæmis, að slíkar myndir eru næstum orðnar klisjukennar. Þess vegna er erfitt að taka myndir af fátækt. Maður þarf að fara handan við þessar myndir sem við höfum öll séð svo oft; kafa undir yfirborðsatriði fátæktar.“

Ljósmyndir eru ætíð markmiðið

Myndirnar bera það með sér að Mary Ellen hefur farið víða. Hún segir að það gæti verið gaman að koma til Íslands og dvelja þá á einhverjum ákveðnum stað um tíma og taka myndir. Í bæ eða landshluta. „Ég hef ekki ferðast nógu víða. Ferðalög eru í sjálfu sér ágæt, en ég hef samt ekki gaman af þeim nema hafa það að markmiði að taka myndir. Líf mitt snýst um ljósmyndun.“